

## Fundur nr. 182

Ár 2019, mánudaginn 26. ágúst kom stjórn Faxaflóahafna sf. saman til fundar í fundarherbergi hafnarstjórnar í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu og hófst fundurinn kl. 09:00.

### Mætt:

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir  
Örn Þórðarson  
Ragnar B. Sæmundsson  
Marta Guðjónsdóttir  
Magnús Már Snorrason  
Daníel Ottesen  
Skúli Helgason

### Varamenn:

Sabine Leskopf

### Áheyrnarfulltrúar:

Ólafur Adolfsson  
Guðbjörg Erna Erlingsdóttir

Auk þess sátu fundinn: Hildur Gunnlaugsdóttir, skipulagsfulltrúi, Jón Þorvaldsson, aðstoðarhafnarstjóri og Gísli Gíslason, hafnarstjóri, sem ritaði fundargerð.

1. Ný stjórn starfsmannafélags Faxaflóahafna sf. 2019-2020.  
**Lagt fram.**
2. Rekstrar- og framkvæmdauppgjör fyrir fyrstu 6 mánuði ársins 2019.  
**Hafnarstjóri gerði grein fyrir uppgjöri rekstrar og framkvæmda fyrir fyrstu sex mánuði ársins.**

3. Fjárhagsrammi fjárhagsáætlunar ársins 2020.
  - a. Tekjur og rekstrargjöld
  - b. Sérverkefni í rekstri
  - c. Eignabreytingar

**Hafnarstjóri fór yfir vinnugögn og ramma að fjárhagsáætlun ársins 2020.**  
**Rætt var um ýmis verkefni sem tengjast áætlanagerðinni. Áætlunin verður tekin til afgreiðslu á næsta fundi stjórnar þann 20. september.**

4. Tillaga að samræmdum merkingum á hafnarsvæðum.  
**Skipulagsfulltrúi gerði grein fyrir tillögu að samræmdum merkingum.**  
**Hafnarstjórn tekur jákvætt í tillöguna. Samþykkt að senda skipulagsnefndum í Reykjavík, Akranesi, Borgarbyggð og Hvalfjarðarsveit kynninguna til upplýsingar.**
5. Til afgreiðslu: Lóða- og skipulagsmál:
  - a. Erindi eigenda Hafnarbúða, Geirsgötu 9 um skoðun á tillögu að byggingu á lóðinni Geirsgata 7. Minnisblað Borgarsögusafns um stöðu húsakönnunar dags. 9.7.2019.

**Hafnarstjórn getur ekki fallist á hugmyndir lóðarhafa og er skipulagsfulltrúa falið að koma sjónarmiðum hafnarinnar á framfæri.**

b. Erindi Megin lögmannsstofu dags. 8.7.2019 f.h. Opus fasteignafélags ehf. um aðilaskipti að úthlutun lóðarstækkunar að Fiskislóð 71.

**Gerð var grein fyrir stöðu málsins. Hafnarstjórn óskar eftir frekari upplýsingum um feril og stöðu málsins.**

c. Drög að tillögu á Línbergsreit.

**ÓA vék af fundi undir þessum lið. Málið kynnt. Að kynningu málsins fyrir skipulags- og samgönguráði Reykjavíkurborgar verður málið tekið fyrir að nýju til afgreiðslu.**

6. Ársreikningur Vatnsveitufélags Hvalfjarðarsveitar sf. ásamt rekstrar- og framkvæmdaáætlun og bréfi stjórnar til eigenda dags, 24.6.2019.  
**Ársreikningur vatnsveitufélagsins staðfestur og rekstraráætlun félagsins staðfest.**

7. Áfangaskýrsla Gunnars Harðar Sæmundssonar dags. 15. apríl 2019 um rafmagnsmál. Minnisatriði hafnarstjóra varðandi landtengingar skipa.  
**Hafnarstjóri gerði grein fyrir meginnefni skýrslunnar og þeirri vinnu sem er í gangi varðandi mögulegar háspennutengingar skipa.**

8. Forkaupsréttarmál:
- Erindi Sjávarbakkans ehf. um að fallið sé frá forkaupsrétti vegna sölu á eigninni í Fiskislóð 31, Reykjavík. Fastanr. 250-0265. Kaupandi Eldhrímnir ehf.
  - Erindi Nökkva Travel um að fallið sé frá forkaupsrétti vegna sölu á eigninni í Fiskislóð 45, Reykjavík. Fastanr. 229-6859. Kaupandi Tröll Fasteignir ehf.
  - Erindi Reir ehf. um að fallið sé frá forkaupsrétti vegna sölu á eigninni Eyjarslóð 9, Reykjavík. Fastanr. 221-7920 merkt 02-0102. Kaupandi Fasta eignarhaldsfélag ehf.

**Hafnarstjórn staðfestir að fallið sé frá forkaupsrétti með venjulegum fyrirvara um að starfsemi sé innan deiliskipulags og lóðarleigusamninga.**

9. Önnur mál:

- Ráðstefna um landtengingar farþegaskipa í Kaupmannahöfn 24.9.2019
- Fundaráætlun til áramóta 2019.

**Gerð var grein fyrir ofangreindum málum.**

Fleira ekki gert,  
fundi slitið kl. 11:15